

Einelti og ofbeldi er ekki liðið í Hlíðarskóla Skólinn verður að vera öruggur staður þar sem nemendum og starfsfólki líður vel. Ef einelti kemur upp skal tekið á því strax.

*„Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri beita
aflsmun til að níðast á einum sem ver sig yfirleitt ekki. Einelti getur birst í ýmsum
myndum og verið bæði sýnilegt og dulið”*

Aðgerðaráætlun Hlíðarskóla vegna eineltis

Hverjir taka á málum?

Eineltisfulltrúi er í skólanum sem stýrir aðgerðum og ber ábyrgð gagnvart nemendum, foreldrum og starfsfólki á að öllum áætlunum sé fylgt. Ef eineltisfulltrúi er ekki tiltækur fylgir skólustjóri málum eftir í hans stað. Hinsvegar **bera allir starfsmenn skólans sameiginlega ábyrgð** á því að berjast gegn hverskonar einelti og misrétti í skólanum.

Eineltisfulltrúinn er til ráðgjafar fyrir kennara og aðra starfsmenn, til aðstoðar í viðtölum við foreldra og nemendur ef þurfa þykir og vinnur að úrlausn mála í samráði við aðra starfsmenn.

Eineltisfulltrúinn skal einnig vera leiðandi í umræðu og fyrirbyggjandi aðgerðum gegn einelti í Hlíðarskóla, vekja athygli á hugmyndum, kennsluefni, blaðagreinum og umræðum í þjóðfélaginu er varða einelti og viðhalda faglegri þekkingu sinni á þessu sviði.

Fyrirbyggjandi aðgerðir:

Nemendur séu fræddir um stefnu skólans. **Einelti og ofbeldi er ekki liðið**. Nemendur eru hvattir til að taka einarða afstöðu gegn einelti og til að láta vita ef þeir eða aðrir verða fyrir einelti og skulu þeir markvisst fræddir um afleiðingar eineltis m.a. með raunverulegum frásögnum. **Munum það að sitja hjá er stuðningur við það sem fram fer.**

Í byrjun hvers skólaárs er farið yfir stefnu skólans ásamt skólareglum og fjallað um eineltishringinn. Hver námshópur setur sér samskiptareglur í upphafi vetrar. Sýnd eru myndbönd og haldið uppi fræðslu í samráði við forvarnarfulltrúa bæjarins. **Ekki síst þarf að fara vel yfir hverskonar samskipti í tölvum, hvað má gangvart lögum og almennu siðferði í netheimum.**

Lífsleikni er fléttuð inn í **allar námsgreinar** á leiðandi hátt þar sem einelti, hverskonar ofbeldi, jafnrétti og félagsleg hegðun er tekin fyrir, bæði í munnlegum samskiptum og á verklegan hátt, leitast er við að vinna með fréttir sem uppi eru í þjóðfélagsumræðunni á hverjum tíma með því að nota dagblöð og aðra fréttamiðla þannig að nemendur tengi sig betur við efnið því þessir hlutir eru því miður að gerast í kringum okkur. **Nemendur fyrri ára hafa gert kvikmynd um einelti og ofbeldi og er það góð leið til að þeir átti sig á alvarleika málsins og til eftirbreytni. Þá eru starfsmenn þjálfaðir í ART kerfinu sem sýnt hefur að gerir gagn.**

Starfsmönnum ber að sýna nemendum gott fordæmi í samskiptum því þeir eru fyrirmyndir barnanna á margan hátt.

Viðbrögð við einelti:

Fyrstu viðbrögð ef starfsmaður verður vitni að eða fréttir af árekstrum, stríðni eða einelti:

Reyna að greina hvað er á ferðinni, er það ærslafullur leikur, alvöruslagur eða einelti. Vísbendingar: Samskipti aðila (tveir eða fleiri gegn einum), tjáning, svipbrigði og andrúmsloft (vinveitt/óvinveitt), jafnvægi í styrkhlutföllum (jafnt/ójafnt), og er atferlið endurtekið?

Bregðast strax við allri hegðun sem gæti leitt til eineltis.
Vera nálægt þeim nemanda sem rætt er við, ná augnsambandi!
Vera stutturður og ganga út frá atburðinum.
Vera ákveðinn og láta ekki tilfinningar stjórna sér.
Ekki vera með innantómar hótanir.

Muna að hlúa að þolanda og gera geranda (-um) grein fyrir alvarleika málsins. Síðan þarf viðkomandi umsjónarkennari að ræða við geranda í einrúmi við fyrsta tækifæri, eineltisfulltrúi tryggir að slíkt misfarist ekki og að tilbúinn tékklisti sé notaður.

Umsjónarkennarar skrá atburðinn **nákvæmlega** í dagbók Mentor, bæði hjá þolanda og geranda og tilkynnir það til eineltisfulltrúa og stjórnenda skólans.

Eineltisfulltrúi (og/eða fjölskylduráðgjafi) kannar málsatvik bæði í málum þar sem alvarlegar upptakomur hafa orðið, og einnig í málum þar sem ábending eða grunur hefur komið upp og gerir öllum starfsmönnum grein fyrir stöðu málsins á meðan það er virkt.

Starfsmenn fylgjast með nemendum sem hlut eiga að máli og kanna hvers þau verða vísari og biðja aðra að fylgjast með líka.

Hugsanlega skal leggja fyrir tengslakönnun í samráði við fjölskylduráðgjafa.

Hafa skal samband við foreldra hugsanlegs fórnarlamb og geranda svo fljótt sem verða má og helst strax til upplýsingar og einnig til að kanna líðan og fá liðsinni þeirra og segir þeim hvernig unnið verður með málið innan skólans. Í alvarlegri málum er rétt að boða foreldra í skólann og hafa stjórnendur með í slíku viðtali. Það er **sameiginleg skylda** foreldra og starfsfólks skólans að kveða hverskonar einelti og ofbeldi niður.

Umsjónarkennari nýtur aðstoðar eineltisfulltrúa og/eða fjölskylduráðgjafa. Mikilvægt er að **allir starfsmenn** séu upplýstir um **öll eineltismál** sem unnið er að og tengjast nemendum eða starfsmönnum skólans. **Hafa skal samband við Barnavernd og Þjónustusvið Háskólans á Akureyri ef aðgerðir skólans skila ekki árangri.**

Leiðbeiningar

Allar grunsemdir um einelti ber að taka alvarlega, að hvaða barni sem það beinist. Ef barn tjáir sig um að einelti sé hugsanlega í gangi er mjög mikilvægt að hlusta á það sem barninu býr í brjósti og snúa sér svo umsvifalaust til eineltisfulltrúa og umsjónarkennara skólans með upplýsingarnar þar sem þeir fylgja síðan málinu eftir.

Skráðu nákvæmlega niður þau atvik sem barnið segir frá, þ.e. hvað gerðist, hverjir áttu í hlut, hvar gerðist það, hvenær. (dags- og tímasetning)

Forðastu að nota hugtakið einelti þegar þú ræðir við barnið þar sem það er mjög gildishlaðið og hver einstaklingur hefur sinn skilning á því sem felst í hugtakinu.

Allir þurfa að muna að það er ekki dómur yfir þeim eða fjölskyldunni og að skammir eða hegning er ekki það sem vantar heldur markviss leiðsögn til skilnings, að tala saman er líkleg til lausnar.

Fullorðna fólkið á oft erfitt með að skilja til fulls samskiptamynstur barna sem getur verið mjög ólíkt frá einum barnahópi til annars.

Þegar þú reynir að meta hvort barn verði fyrir óeðlilegu áreiti er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvort vandinn felist hugsanlega í því að barnið eigi erfitt með að lesa í samskiptamynstur hópsins.

Þegar unnið er með einstaklinga er veröldin sjaldan jafn svart/hvít eins og áætlanir sem þessi kann að lýsa, því á flestum málum eru margir fletir.

Því er mikilvægt að hafa í huga að það er ekki það hvað er gert á hlut meints þolanda sem mestu máli skiptir, heldur er það líðan hans og það hvernig hann upplifir áreitið.

Gættu þín á að ofvernda ekki barnið – það getur skapað stærri vanda síðar.

Í tilviki geranda er mjög mikilvægt að leggja áherslu á að **það sé hegðun barnsins sem er ekki ásættanleg, en ekki barnið sjálft!** Gerandi hefur mikla þörf fyrir væntumþykju og hlýju.

Til þess að árangur geti náðst er góð samvinna milli heimilis og skóla algert lykilatriði. Öll umræða á heimilinu sem tengist skóla, starfsmönnum hans, nemendum eða öðrum fjölskyldum getur haft afgerandi áhrif á það hvernig til tekst í vinnslu eineltismála.

Látið barnið aldrei heyra neikvæðar athugasemdir um þessa aðila!

Slíkt getur auðveldlega spillt fyrir þeirri uppbyggingu sem þarf að eiga sér stað í kjölfar eineltismáls

Er barn mitt gerandi eða þolandi?

Ýmsar vísbendingar geta gefið til kynna að börn séu beinir aðilar að einelti. Eftirfarandi er listi yfir möguleg einkenni sem þolendur og gerendur eineltis geta sýnt. Hafa ber í huga að þó eitt eða fleiri einkenni sjáist er ekki endilega um einelti að ræða, enda margir þættir sem geta haft áhrif á líðan barna.

Vísbendingar um að barn sé þolandi:

- Barnið er einangrað eða einmanna
- Einbeitingarörðugleikar, einkunnir lækka og heimanám verður stopult
- Barnið neitar að fara í skólann eða hræðist leiðina úr og í skóla
- Barnið skrópar og kemur of seint
- Skapsveiflur, tíður grátur, viðkvæmni
- Árásargirni og hegðun versnar
- Lítið sjálfstraust, hræðsla kvíði, svefntruflanir
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi eða ofát
- Líkamlegar kvartanir
- Áverkar, skemmd föt eða aðrar eigur
- Barnið segist týna peningum og öðrum eigum
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður
- Barnið neitar að segja frá því hvað er að

Vísbendingar um að barn sé gerandi:

- Barnið er árásargjart og sýnir yfirgang
- Barnið uppnefnir stríðir og hótar
- Barnið stjórnar vinum og útilokar aðra úr vinalópnum
- Barnið er ógnandi í samskiptum
- Barnið talar niðrandi um aðra og til annarra.

Hvernig get ég stutt barnið?

Styrkja sjálfsmynd barnsins, m.a. með því að beina kastljósinu og umræðum að jákvæðum þáttum í fari þess.

Kenna barninu jákvæð samskipti og jákvætt hegðunarmynstur.

Kenna barninu að takast á við eðlilegt áreiti og hvernig bregðast skuli við þegar þolmörkum er náð.

Styðja barnið í að taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi.

Hjálpa barninu að byggja upp jákvætt samband við valda einstakling m.a. með heimboðum, ferðum eða öðru sem völ er á.

Í tilviki geranda þarf að tala opinskátt um vandann á heimilinu og gera barninu grein fyrir að málið sé litið alvarlegum augum.

Nota einungis jákvæðar athugasemdir um skóla, starfsmenn hans, samnemendur og aðrar fjölskyldur.

Getur önnur börn hjálpað?

Þar sem einelti á sér stað er oft stór hópur meðvitaður um það og á því hlut að málinu á einn eða annan hátt.

Í svokölluðum **eineltishring** eru fjögur hlutverk auk geranda og þolanda:

- **Aðstoðarmaður** sem aðstoðar geranda í eineltinu og tekur beinan þátt, jafnvel þó hann sé innst inni mótfallinn því sem er að gerast
- **Meðhjálpari** sem fylgist með úr fjarlægð, en hvetur til eineltis með látbragði, hlátri, líkamstjáningu og orðum.
- **Áhorfandi** sem fylgist með, skiptir sér ekki af og lætur sem ekkert sé. Kemur þolanda ekki til hjálpar.
- **Varnarmaður** er sá sem kemur þolanda til hjálpar, ver hann og mótmælir eineltinu. Leggur sig í hættu gagnvart hópnum.

Mikilvægt er að barnið þekki öll þessi hlutverk og geti gert sér grein fyrir því hvaða hlutverk það leikur í hugsanlegu eineltismáli. Því fleiri sem eru meðvitaðir um sína stöðu, því meiri líkur eru á að árangur náist við að uppræta einelti. Á sama hátt og öll börnin í félagahópnum geta haft áhrif á að vinna gegn einelti, geta allir forráðamenn líka hjálpað til.